



Reglur um afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga

DRÖG

Reglur um afnot af borgarlandi
vegna skilta og útstillinga

DRÖG

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12 – 14, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Orðalisti – Hugtakanotkun	2
Markmið og bakgrunnur	3
Gildissvið.....	3
Umsóknir og leyfi.....	4
Ábyrgð og framfylgd reglna.....	4
Skilgreining göturýmis	5
Aksturssvæði	5
Öryggissvæði	5
Hjólasvæði	6
Millisvæði	6
Göngusvæði.....	6
Svæði við framhlið bygginga	6
Opin svæði.....	6
Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar ná að lóðamörkum.....	6
Staðsetning.....	6
Stærðir	6
Öryggi og aðgengi.....	7
Annað	7
Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar standa fjarri lóðamörkum	8
Reglur um bráðabirgðaskilti	8

Orðalisti – Hugtakanotkun

Með skilti og öðrum samsvarandi orðum er átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk á borðum, spjöldum og öðru sambærilegu, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vöru, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma.

Með orðinu bráðabirgðaskilti er átt við viðburðarskilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, kosningum, ráðstefnum, mótum og keppni og skiltum sem sett eru upp vegna byggingar- eða gatnaframkvæmda og tilgreina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum.

Með orðunum upplýsingaskilti og fræðsluskilti er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsingar og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum, leiksvæðum og við innkomuleiðir í bæinn.

Þau skilti sem ekki eru fest við hús eru nefnd frístandandi skilti og eru með varanlega tengingu við jörð.

Með orðinu laust skilti eða hreyfanlegu skilti er átt við skilti eða auglýsingu sem ekki er með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki (gormaskilti – dagskilti, vindstandar, klapparskilti, A-standar).

Með orðinu ratmerki er átt við skilti sem upplýsa um stað eða leið að tiltekinni þjónustu eða fyrirtæki.

Með stærð skilta er átt við heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarbreidd, heildarhæð o.s.frv. með festingum.

Með orðinu útstillingar er átt við hvað það sem umráðaaðili verslunar eða þjónustuhúsnæðis óskar eftir að fá að láta standa á borgarlandi vegna sinnar starfsemi. Dæmi, blómaker, skilveggir, fataslár, borð og annað sem tilheyrir verslun eða þjónustu.

Miðbæjarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði eru þau svæði sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 skilgreinir sem slík.

Borgarland er það landsvæði sem er í eigu og til umráða af Reykjavíkurborg. Er það t.d. götur, veghelgunarsvæði, gangstéttar/stígar, hjólarreinar/stígar, torg, garðar, opin og græn svæði.

Veghelgunarsvæði er það land meðfram vegum sem skylt er skv. vegalögum að fá leyfi veghaldara fyrir hverskyns mannvirkjum.

Öryggissvæði er svæði næst vegi. Innan öryggissvæðis skulu ekki vera hættur svo sem hættulegar hindranir. Stærð öryggissvæðis er háð umferð og hraða umferðar

USK er Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og SRU er skrifstofa reksturs og umhirðu.

Markmið og bakgrunnur

Markmið regnanna er að:

- Tryggja aðgengi og öryggi allra sem ferðast um borgarlandið.
- Tryggja samræmd vinnubrögð þegar óskað eftir afnotum af borgarlandi fyrir skilti og útstillingar, til lengri eða skemmri tíma.
- Einfalda og skýra þær reglur sem gilda um skilti og útstillingar í borgarlandinu.
- Gæta og varðveita ásýnd borgarinnar.

Reglurnar eru ákvarðaðar með hliðsjón af vegalögum, lögreglusamþykkt Reykjavíkur, reglugerð um lögreglusamþykktir, umferðarlögum, byggingarreglugerð og leiðbeiningum um algilda hönnun. Reglurnar eru í stöðugri mótun og endurskoðun.

Reglurnar öðlast gildi 1. mars 2017.

Gildissvið

Reglurnar gilda um skilti á borgarlandinu sem og útstillingar. Með útstillingum er átt við t.d. fataslár, borð, blómaker, skilveggi og annað sem notað er í tengslum við verslun og þjónustu. Hér er ekki átt við útveitingasvæði. Um útveitingar gilda sérstakar reglur háðar útveitingaleyfum.

Borgarlandinu er skipt í tvennt:


Svæði 1: Miðborg, miðsvæði og verslun og þjónusta skv. skilgreiningu gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur á hverjum tíma.

Svæði 2: Önnur svæði borgarinnar.

Reglurnar gilda um skilti minni en 1,5 m² og útstillingar. Ef skilti er ætlað að standa skemur en tvær vikur er miðað við skilti minni en 2,0 m².

Aðeins þarf sækja um afnotaleyfi fyrir skilti eða útstillingu á svæði 2.

Reglurnar þarf að uppfylla á báðum svæðunum.



Myndin sýnir svæðin eins og þau voru skilgreind við samþykkt núgildandi aðalskipulags.

Aðeins þarf að sækja um leyfi fyrir afnotum á landi fyrir skilti og útstillingar á svæði 2. Reglurnar gilda þó fyrir alla borgina, þ.e. bæði svæðin.

Reglurnar gilda ekki um: Umferðarmerki sem sett eru upp skv. ákvæðum umferðarlaga, byggingarleyfisskyld skilti.

Í þeim tilfellum sem reglur þessar stangast á við ákvæði gildandi laga, reglna, skipulags eða annarra ákvarðanna/samþykktá í skipulagsmálum og/eða byggingarreglugerð taka þær ekki yfir gildisvið þeirra.

Vegagerðin tekur við umsóknum um afnot af veghelgunarsvæði þjóðvega innan borgarmarka.

Sækja skal um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m² að flatarmáli. Undanþegin eru þó skilti allt að 2,0 m² að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur sem og skilti sem sett eru upp samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Byggingarreglugerð, 2.5.1.gr.

Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til...

...Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 1. mgr. skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Vegalög, 32.gr

Umsóknir og leyfi

Sótt er um leyfi fyrir afnotum af borgarlandi skv. þessum reglum til Skrifstofu reksturs og umhirðu (SRU) hjá Umhverfis- og skipulagssviðs (USK) sem einnig gefur nánari upplýsingar. Umsókn og nánari upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn má nálgast á <http://reykjavik.is/thjonusta/leyfi-til-afnota-af-borgarlandi>.

Sé leyfi veitt er með leyfinu tiltekið til hversu langs tíma það gildir og skilyrði fyrir því ef einhver eru. Ekki er heimilt að framselja leyfi til þriðja aðila.

Ábyrgð og framfylgd reglna

Ábyrgðar- og umsjónaraðili reglnanna fyrir hönd Reykjavíkurborgar er USK sem í samstarfi við lögreglufyrirvöld fer með forræði á framkvæmd þeirra og eftirlit.

Reglur þessar eru ekki tæmandi um allt sem til álita getur komið við hinar fjölbreytilegustu aðstæður. Því er, í undantekningartilfellum nauðsynlegt að framkvæma sértækt mat á umsókn.

Enginn getur áunnið sér hefð eða rétt til að nota opinbert svæði.

Í neyðartilfellum getur USK afturkallað án fyrirvara og bótaskyldu afnot af borgarlandi fyrir skilti og útstillingar t.d ef það er metið nauðsynlegt vegna tjóns, viðhalds borgarlands, endurnýjun mannvirkja, framkvæmda, þéttingu byggðar og götugagna.

USK getur, án fyrirvara og bótaskyldu, fjarlægt skilti eða útstillingu sem talin er ógna öryggi vegfarenda eða takmarka aðgengi óháð því hvort fyrir því er leyfi eða ekki.

Eigandi skal fjarlægja skilti eða útstillingu sem sett eru upp í borgarland án leyfis eða án þess að vera í samræmi við þessar reglur. Verði eigandi skiltis eða útstillingar ekki við kröfu um að fjarlægja öll skilti, útstillingar og verksummerki er USK heimilt að fjarlægja það á kostnað viðkomandi. Ef eigandi skiltis eða útstillingar er ekki þekktur er USK heimilt að fjarlægja skiltið / útstillingu án viðvörunar.

Öll bráðabirgðaskilti sem sett eru upp í borgarlandinu án afnotaleyfis lands, eins og t.d. fyrir íþróttaviðburði, brennur, sýningar eða sölur geta verið fjarlægðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar án viðvörunnar.


Skilti og búnaður sem USK fjarlægir verður komið fyrir á geymslusvæði Reykjavíkurborgar. Eigendur geta endurheimt skilti og útstillingar gegn greiðslu kostnaðar við að fjarlægja skiltið innan 14 daga. Að öðrum kosti verður viðkomandi búnaði / skilti fargað.

Eigandi skiltis eða útstillingar ber alltaf ábyrgð á skemmdum sem búnaður hans kann að valda og jafnframt meiðslum sem vegfarendur kunna að verða fyrir vegna hans.

Ef skemmdir verða á borgarlandinu eða eignum borgarinnar vegna skiltis eða útstillingar verða þær lagfærðar af USK á kostnað viðkomandi eiganda.

Skilgreining göturýmis

Göturými er skipt upp í svæði. Þar sem yfirborð gefur ekki með nægjanlega skýrum hætti til kynna mörk svæðis ákvarðar USK mörk þess.



Aksturssvæði

Aksturssvæði skal alltaf vera autt fyrir heimilaða umferð ökutækja þ.m.t. neyðarakstur.

Í göngugötum og á torgum þar sem ekki er sérstaklega afmörkuð akbraut með kantsteini eða skiptingu á langveginn, skal gera ráð fyrir að lágmarki 3 m breiðri akbraut vegna neyðaraksturs.

Gera þarf ráð fyrir að ökutæki viðbragðsaðila geti athafnað sig og beygt. Því getur sumstaðar þurft breiðari akstursleiðir, t.d. við gatnamót.

Öryggissvæði

Næst aksturssvæði er öryggissvæði sem alltaf skal vera autt. Stærð öryggissvæðis er breytileg eftir aðstæðum,

m.a. m.t.t. umhverfis og aksturshraða ökutækja. Taflan gefur viðmið um stærð öryggissvæða vegna skilta og útstillinga miðað við umferðarhraða.

Umferðarhraði að hámarki [km/klst]	Öryggissvæði að lágmarki [m]
15	0,3
30	0,5
50	4
60	5

Samkvæmt vegalögum má ekkert vera innan við 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema með leyfi veghalðara, svokallaðs veghelgunarsvæðis.

Hjólasvæði

Hjólasvæði skal alltaf halda auðu fyrir hjólréiðamenn. Ekki má nota þetta svæði til uppstillingar á vörum eða skiltum.

Millisvæði

Millisvæði liggur milli öryggissvæðis og göngusvæðis og er misbreitt eftir aðstæðum. Það er notað fyrir götugögn s.s. lýsingu, bekki og gróður.

Göngusvæði

Göngusvæði skal halda auðu fyrir gangandi vegfarendur. Ekki má nota þetta svæði til uppstillingar á vörum eða skiltum. Göngusvæði skal að lágmarki vera 1,5 m. USK getur m.t.t. staðháttu og einkenna götu- og/eða göngusvæðis, fjölda gangandi og umferðamagns ákvarðað aðra breidd á göngusvæði.

Svæði við framhlið bygginga

Svæði upp við byggingar, þar eru t.d. tröppur og annað sem stendur út frá framhlið byggingar sem nær að lóðamörkum.

Opin svæði

Önnur svæði en talin eru upp hér að ofan og eru ekki skilgreind til sérstakra nota.

Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar ná að lóðamörkum

Staðsetning

- Almenna reglan er að heimilt er að koma fyrir skiltum og útstillingum við framhlið byggingar viðkomandi en þó með þeim takmörkunum sem hér á eftir koma.
- Skilti og útstillingar mega aldrei vera á göngusvæði.
- Skilti og útstillingar mega eingöngu vera við húsnæði/húsnúmer þar sem viðkomandi er með rekstur eða þjónustu.
- Aðeins er heimilt að staðsetja skilti eða útstillingu á millisvæði ef ekki er unnt að nýta svæði við framhlið byggingar.
- Skilti og útstillingar á millisvæði skulu eftir því sem hægt er vera í beinni línu, meðfram viðkomandi húsi.
- Atvinnurekandi má ekki framleigja sinn hlut svæðis við framhlið byggingar eða millisvæði framan við fasteign til þriðja aðila.

Stærðir

- Hámarksbreidd skilta með festingum er 0,8 m.
- Hámarkshæð skilta með festingum er 1,25 m.
- Lágmarksfjarlægð á milli skilta er 3 m.
- Meginregla er að enginn hluti skiltis eða útstillingar á svæði við framhlið bygginga standi fjær vegg en 1 m.
- Hámarksbreidd útstillingar við framhlið byggingar er 0,8 m en 2 m á millisvæðum að því gefnu að aðrar kröfur, svo sem um öryggis- og göngusvæði, séu virtar.


- Tryggja skal gönguleið á milli útstillinga á millisvæði. Lengd hverrar útstillingar skal að hámarki vera 2 m og bilið á milli vera að lágmarki 1,5 m.
- Hámarkshæð útstillinga er 1,6 m.

Öryggi og aðgengi

- Aðkoma björgunar- og neyðaraðila skal tryggð á hverjum tíma.
- Tryggt skal að hreinsun borgarlands geti farið fram óhindrað.
- Skilti og útstillingar mega ekki birgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðastjórnunar.
- Skilti og útstillingar mega ekki takmarka sýn ökumanna á gatnamótum (sjá mynd).
- Skilti og útstillingar mega ekki valda truflun, vera til óþæginda eða skapa hættu fyrir almenna umferð hvort heldur sem er vélknúna umferð eða gangandi vegfarenda þ.m.t. aldraðra, fatlaða og vegfarenda með barnavagna svo dæmi séu tekin.
- Skilti og útstillingar mega ekki standa þannig að þau takmarki aðkomu að lóðum og byggingum.
- Í þeim tilfellum sem skilti eða útstillingar eru á millisvæði má ekki takmarka aðgengi að götugögnum borgarinnar svo sem ruslastömpum, hjólastæðum eða bekkjum. Eins þarf aðgengi að bílastæðum að vera tryggt.

Annað

- Skilti og útstillingar skulu eingöngu vera uppi / úti á opnunartíma viðkomandi starfssemi. Almenna reglan er að föst skilti eru ekki leyfileg. Í undantekningartilfellum er veitt leyfi fyrir slíkum skiltum og þarf þá að sækja um leyfi sérstaklega óháð svæði.
- Öll sala vöru eða þjónustu verður að fara fram innandyra nema að afnotaleyfis vegna þess hafi verið aflað.
- Skilti og útstillingar skulu hafa einkenni og útlit sem fellur að viðkomandi borgarumhverfi.
- Götugögn í eigu Reykjavíkurborgar svo sem bekki, ruslastampa, tré og gróðurreitir, má ekki nota fyrir útstillingar eða í auglýsingatilgangi.
- Sé atvinnurekstur á fleiri en einni hæð eða fleiri á sömu hæð skulu viðkomandi aðilar gera með sér samkomulag um uppskiptingu á svæði er tekur til viðkomandi fasteignar.
- Það er ekki leyfilegt að vera með standa fyrir laus blöð eða bæklinga.



Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar standa fjarri lóðamörkum

- Almenna reglan er að skilti og útstillingar eru ekki leyfð utan lóða þar sem hús standa fjarri lóðamörkum, svo sem á grænum svæðum. Þetta á við hvort sem skiltin eru föst eða laus. Undanskilin eru upplýsingaskilti á vegum borgarinnar svo sem um friðlýsingar, gönguleiðir og örnefni.

Reglur um bráðabirgðaskilti

- Öll bráðabirgðaskilti eru háð leyfi, þar með talið, ratmerki vegna viðburða.
- Bráðabirgðaskilti má ekki, frekar en önnur skilti, staðsetja innan öryggissvæðis.
- Bráðabirgða skilti má ekki staðsetja á gatnamótum eða nær gatnamótum en 20 m.
- Viðburðarskilti má í fyrsta lagi setja upp 3 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður í síðasta lagi tveimur dögum eftir viðburð.
- Um bráðabirgðaskilti gilda einnig reglur um öryggi og aðgengi í kafla um skilti og útstillingar þar sem byggingar ná að lóðamörkum.

DRÖG



Reglur um afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga

DRÖG

Reglur um afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga

DRÖG

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12 – 14, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Orðalisti – Hugtakanotkun	2
Markmið og bakgrunnur	3
Gildissvið.....	3
Umsóknir og leyfi.....	4
Ábyrgð og framfylgd reglna.....	4
Skilgreining göturýmis	5
Aksturssvæði	5
Öryggissvæði	5
Hjólasvæði.....	6
Millisvæði	6
Göngusvæði.....	6
Svæði við framhlið bygginga	6
Opin svæði.....	6
Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar ná að lóðamörkum.....	6
Staðsetning.....	6
Stærðir	6
Öryggi og aðgengi.....	7
Annað	7
Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar standa fjarri lóðamörkum	8
Reglur um bráðabirgðaskilti	8

Orðalisti – Hugtakanotkun

Með skilti og öðrum samsvarandi orðum er átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk á borðum, spjöldum og öðru sambærilegu, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vöru, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma.

Með orðinu bráðabirgðaskilti er átt við viðburðarskilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, kosningum, ráðstefnum, mótum og keppni og skiltum sem sett eru upp vegna byggingar- eða gatnaframkvæmda og tilgreina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum.

Með orðunum upplýsingaskilti og fræðsluskilti er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsingar og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum, leiksvæðum og við innkomuleiðir í bæinn.

Þau skilti sem ekki eru fest við hús eru nefnd frístandandi skilti og eru með varanlega tengingu við jörð.

Með orðinu laust skilti eða hreyfanlegu skilti er átt við skilti eða auglýsingu sem ekki er með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki (gormaskilti – dagskilti, vindstandar, klapparskilti, A-standar).

Með orðinu ratmerki er átt við skilti sem upplýsa um stað eða leið að tiltekinni þjónustu eða fyrirtæki.

Með stærð skilta er átt við heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarbreidd, heildarhæð o.s.frv. með festingum.

Með orðinu útstillingar er átt við hvað það sem umráðaaðili verslunar eða þjónustuhúsnæðis óskar eftir að fá að láta standa á borgarlandi vegna sinnar starfsemi. Dæmi, blómaker, skilveggir, fataslár, borð og annað sem tilheyrir verslun eða þjónustu.

Miðbæjarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði eru þau svæði sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 skilgreinir sem slík.

Borgarland er það landsvæði sem er í eigu og til umráða af Reykjavíkurborg. Er það t.d. götur, veghelgunarsvæði, gangstéttar/stígar, hjólarreinar/stígar, torg, garðar, opin og græn svæði.

Veghelgunarsvæði er það land meðfram vegum sem skylt er skv. vegalögum að fá leyfi veghaldara fyrir hverskyns mannvirkjum.

Öryggissvæði er svæði næst vegi. Innan öryggissvæðis skulu ekki vera hættur svo sem hættulegar hindranir. Stærð öryggissvæðis er háð umferð og hraða umferðar

USK er Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og SRU er skrifstofa reksturs og umhirðu.

Markmið og bakgrunnur

Markmið reglnanna er að:

- Tryggja aðgengi og öryggi allra sem ferðast um borgarlandið.
- Tryggja samræmd vinnubrögð þegar óskað eftir afnotum af borgarlandi fyrir skilti og útstillingar, til lengri eða skemmri tíma.
- Einfalda og skýra þær reglur sem gilda um skilti og útstillingar í borgarlandinu.
- Gæta og varðveita ásýnd borgarinnar.

Reglurnar eru ákvarðaðar með hliðsjón af vegalögum, lögreglusamþykkt Reykjavíkur, reglugerð um lögreglusamþykktir, umferðarlögum, byggingarreglugerð og leiðbeiningum um algilda hönnun. Reglurnar eru í stöðugri mótun og endurskoðun.

Reglurnar öðlast gildi 1. mars 2017.

Gildissvið

Reglurnar gilda um skilti á borgarlandinu sem og útstillingar. Með útstillingum er átt við t.d. fataslár, borð, blómaker, skilveggi og annað sem notað er í tengslum við verslun og þjónustu. Hér er ekki átti við útveitingasvæði. Um útveitingar gilda sérstakar reglur háðar útveitingaleyfum.

Borgarlandinu er skipt í tvennt:


Svæði 1: Miðborg, miðsvæði og verslun og þjónusta skv. skilgreiningu gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur á hverjum tíma.

Svæði 2: Önnur svæði borgarinnar.

Reglurnar gilda um skilti minni en 1,5 m² og útstillingar. Ef skilti er ætlað að standa skemur en tvær vikur er miðað við skilti minni en 2,0 m².

Aðeins þarf sækja um afnotaleyfi fyrir skilti eða útstillingu á svæði 2.

Reglurnar þarf að uppfylla á báðum svæðunum.



Myndin sýnir svæðin eins og þau voru skilgreind við samþykkt núgildandi aðalskipulags.

Aðeins þarf að sækja um leyfi fyrir afnotum á landi fyrir skilti og útstillingar á svæði 2. Reglurnar gilda þó fyrir alla borgina, þ.e. bæði svæðin.

Reglurnar gilda ekki um: Umferðarmerki sem sett eru upp skv. ákvæðum umferðarlaga, byggingarleyfisskyld skilti.

Í þeim tilfellum sem reglur þessar stangast á við ákvæði gildandi laga, reglna, skipulags eða annarra ákvarðanna/samþykktu í skipulagsmálum og/eða byggingarreglugerð taka þær ekki yfir gildisvið þeirra.

Vegagerðin tekur við umsóknum um afnot af veghelgunarsvæði þjóðvega innan borgarmarka.

Sækja skal um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m² að flatarmáli. Undanþegin eru þó skilti allt að 2,0 m² að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur sem og skilti sem sett eru upp samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Byggingarreglugerð, 2.5.1.gr.

Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til...

...Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 1. mgr. skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Vegalög, 32.gr

Umsóknir og leyfi

Sótt er um leyfi fyrir afnotum af borgarlandi skv. þessum reglum til Skrifstofu reksturs og umhirðu (SRU) hjá Umhverfis- og skipulagssviðs (USK) sem einnig gefur nánari upplýsingar. Umsókn og nánari upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn má nálgast á <http://reykjavik.is/thjonusta/leyfi-til-afnota-af-borgarlandi>.

Sé leyfi veitt er með leyfinu tiltekið til hversu langs tíma það gildir og skilyrði fyrir því ef einhver eru. Ekki er heimilt að framselja leyfi til þriðja aðila.

Ábyrgð og framfylgd reglna

Ábyrgðar- og umsjónaraðili regnanna fyrir hönd Reykjavíkurborgar er USK sem í samstarfi við lögregluyfirvöld fer með forræði á framkvæmd þeirra og eftirlit.

Reglur þessar eru ekki tæmandi um allt sem til álita getur komið við hinar fjölbreytilegustu aðstæður. Því er, í undantekningartilfellum nauðsynlegt að framkvæma sértækt mat á umsókn.

Enginn getur áunnið sér hefð eða rétt til að nota opinbert svæði.

Í neyðartilfellum getur USK afturkallað án fyrirvara og bótaskyldu afnot af borgarlandi fyrir skilti og útstillingar t.d ef það er metið nauðsynlegt vegna tjóns, viðhalds borgarlands, endurnýjun mannvirkja, framkvæmda, þéttingu byggðar og götugagna.

USK getur, án fyrirvara og bótaskyldu, fjarlægt skilti eða útstillingu sem talin er ógna öryggi vegfarenda eða takmarka aðgengi óháð því hvort fyrir því er leyfi eða ekki.

Eigandi skal fjarlægja skilti eða útstillingu sem sett eru upp í borgarland án leyfis eða án þess að vera í samræmi við þessar reglur. Verði eigandi skiltis eða útstillingar ekki við kröfu um að fjarlægja öll skilti, útstillingar og verksummerki er USK heimilt að fjarlægja það á kostnað viðkomandi. Ef eigandi skiltis eða útstillingar er ekki þekktur er USK heimilt að fjarlægja skiltið / útstillingu án viðvörunar.

Öll bráðabirgðaskilti sem sett eru upp í borgarlandinu án afnotaleyfis lands, eins og t.d. fyrir íþróttaviðburði, brennur, sýningar eða sölur geta verið fjarlægðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar án viðvörunnar.


Skilti og búnaður sem USK fjarlægir verður komið fyrir á geymslusvæði Reykjavíkurborgar. Eigendur geta innan 14 daga endurheimt skilti og útstillingar gegn greiðslu kostnaðar við að fjarlægja skiltið. Að öðrum kosti verður viðkomandi búnaði / skilti fargað.

Eigandi skiltis eða útstillingar ber alltaf ábyrgð á skemmdum sem búnaður hans kann að valda og jafnframt meiðslum sem vegfarendur kunna að verða fyrir vegna hans.

Ef skemmdir verða á borgarlandinu eða eignum borgarinnar vegna skiltis eða útstillingar verða þær lagfærðar af USK á kostnað viðkomandi eiganda.

Skilgreining göturýmis

Göturými er skipt upp í svæði. Þar sem yfirborð gefur ekki með nægjanlega skýrum hætti til kynna mörk svæðis ákvarðar USK mörk þess.



Aksturssvæði

Aksturssvæði skal alltaf vera autt fyrir heimilaða umferð ökutækja þ.m.t. neyðarakstur.

Í göngugötum og á torgum þar sem ekki er sérstaklega afmörkuð akbraut með kantsteini eða skiptingu á langveginn, skal gera ráð fyrir að lágmarki 3 m breiðri akbraut vegna neyðaraksturs.

Gera þarf ráð fyrir að ökutæki viðbragðsaðila geti athafnað sig og beygt. Því getur sumstaðar þurft breiðari akstursleiðir, t.d. við gatnamót.

Öryggissvæði

Næst aksturssvæði er öryggissvæði sem alltaf skal vera autt. Stærð öryggissvæðis er breytileg eftir aðstæðum,

m.a. m.t.t. umhverfis og aksturshraða ökutækja. Taflan gefur viðmið um stærð öryggissvæða vegna skilta og útstillinga miðað við umferðarhraða.

Umferðarhraði að hámarki [km/klst]	Öryggissvæði að lágmarki [m]
15	0,3
30	0,5
50	4
60	5

Samkvæmt vegalögum má ekkert vera innan við 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema með leyfi veghaldara, svokallaðs veghelgunarsvæðis.

Hjólasvæði

Hjólasvæði skal alltaf halda auðu fyrir hjólréiðamenn. Ekki má nota þetta svæði til uppstillingar á vörum eða skiltum.

Millisvæði

Millisvæði liggur milli öryggissvæðis og göngusvæðis og er misbreitt eftir aðstæðum. Það er notað fyrir götugögn s.s. lýsingu, bekki og gróður.

Göngusvæði

Göngusvæði skal halda auðu fyrir gangandi vegfarendur. Ekki má nota þetta svæði til uppstillingar á vörum eða skiltum. Göngusvæði skal að lágmarki vera 1,5 m. USK getur m.t.t. staðháttu og einkenna götu- og/eða göngusvæðis, fjölda gangandi og umferðamagns ákvarðað aðra breidd á göngusvæði.

Svæði við framhlið bygginga

Svæði upp við byggingar, þar eru t.d. tröppur og annað sem stendur út frá framhlið byggingar sem nær að lóðamörkum.

Opin svæði

Önnur svæði en talin eru upp hér að ofan og eru ekki skilgreind til sérstakra nota.

Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar ná að lóðamörkum

Staðsetning

- Almenna reglan er að heimilt er að koma fyrir skiltum og útstillingum við framhlið byggingar viðkomandi en þó með þeim takmörkunum sem hér á eftir koma.
- Skilti og útstillingar mega aldrei vera á göngusvæði.
- Skilti og útstillingar mega eingöngu vera við húsnæði/húsnúmer þar sem viðkomandi er með rekstur eða þjónustu.
- Aðeins er heimilt að staðsetja skilti eða útstillingu á millisvæði ef ekki er unnt eða æskilegt m.t.t. aðstæðna að nýta svæði við framhlið byggingar. Leita má álits hjá USK í vafatilfellum.
- Skilti og útstillingar á millisvæði skulu eftir því sem hægt er vera í beinni línu, meðfram viðkomandi húsi.
- Atvinnurekandi má ekki framleigja sinn hlut svæðis við framhlið byggingar eða millisvæði framan við fasteign til þriðja aðila.

Stærðir

- Hámarksbreidd skilta með festingum er 0,8 m.
- Hámarkshæð skilta með festingum er 1,25 m.
- Lágmarksfjarlægð á milli skilta er 3 m.
- Meginregla er að enginn hluti skiltis eða útstillingar á svæði við framhlið bygginga standi fjær vegg en 1 m.
- Hámarksbreidd útstillingar við framhlið byggingar er 0,8 m en 2 m á millisvæðum að því gefnu að aðrar kröfur, svo sem um öryggis- og göngusvæði, séu virtar.


- Tryggja skal gönguleið á milli útstillinga á millisvæði. Lengd hvorrar útstillingar skal að hámarki vera 2 m og bilið á milli vera að lágmarki 1,5 m.
- Hámarkshæð útstillinga er 1,6 m.

Öryggi og aðgengi

- Aðkoma björgunar- og neyðaraðila skal tryggð á hverjum tíma.
- Tryggt skal að hreinsun borgarlands geti farið fram óhindrað.
- Skilti og útstillingar mega ekki birgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðastjórnunar.
- Skilti og útstillingar mega ekki takmarka sýn ökumanna á gatnamótum (sjá mynd).
- Skilti og útstillingar mega ekki valda truflun, vera til óþæginda eða skapa hættu fyrir almenna umferð hvort heldur sem er vélknúna umferð eða gangandi vegfarenda svo sem aldraðra, fatlaða og vegfarenda með barnavagna.
- Skilti og útstillingar mega ekki standa þannig að þau takmarki aðkomu að lóðum og byggingum svo sem vegna sorphirðu.
- Í þeim tilfellum sem skilti eða útstillingar eru á millisvæði má ekki takmarka aðgengi að götugögnum borgarinnar svo sem ruslastömpum, hjólastæðum eða bekkjum. Eins þarf aðgengi að bílastæðum að vera tryggt.

Annað

- Skilti og útstillingar skulu eingöngu vera uppi / úti á opnunartíma viðkomandi starfssemi. Almenna reglan er að föst skilti eru ekki leyfileg. Í undantekningartilfellum er veitt leyfi fyrir slíkum skiltum og þarf þá að sækja um leyfi sérstaklega óháð svæði.
- Öll sala vöru eða þjónusta verður að fara fram innandyra nema að afnotaleyfis vegna þess hafi verið aflað.
- Skilti og útstillingar skulu hafa einkenni og útlit sem fellur að viðkomandi borgarumhverfi.
- Götugögn í eigu Reykjavíkurborgar svo sem bekki, ruslastampa, tré og gróðurreitir, má ekki nota fyrir útstillingar eða í auglýsingatilgangi.
- Sé atvinnurekstur á fleiri en einni hæð eða fleiri á sömu hæð skulu viðkomandi aðilar gera með sér samkomulag um uppskiptingu á svæði er tekur til viðkomandi fasteignar.
- Það er ekki leyfilegt að vera með standa fyrir laus blöð eða bæklinga.



Reglur um skilti og útstillingar þar sem byggingar standa fjarri lóðamörkum

- Almenna reglan er að skilti og útstillingar eru ekki leyfð utan lóða þar sem hús standa fjarri lóðamörkum, svo sem á grænum svæðum. Þetta á við hvort sem skiltin eru föst eða laus. Undanskilin eru upplýsingaskilti á vegum borgarinnar svo sem um friðlýsingar, gönguleiðir og örnefni.

Reglur um bráðabirgðaskilti

- Öll bráðabirgðaskilti eru háð leyfi, þar með talið ratmerki vegna viðburða.
- Bráðabirgðaskilti má ekki, frekar en önnur skilti, staðsetja innan öryggissvæðis.
- Bráðabirgða skilti má ekki staðsetja á gatnamótum eða nær gatnamótum en 20 m.
- Viðburðarskilti má í fyrsta lagi setja upp 3 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður í síðasta lagi tveimur dögum eftir viðburð.
- Um bráðabirgðaskilti gilda einnig reglur um öryggi og aðgengi í kafla um skilti og útstillingar þar sem byggingar ná að lóðamörkum.

DRÖG